

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



<b>Dags eftirlits</b>	9.6.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpurðun Vesturlands	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Bjarnarbraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	5306972829	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrefna Jónsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefán Gíslason	<b>Staðsetning</b>	349951,516 469714,37

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Umhverfisstofnun veitir hér með formlegt samþykki fyrir lokun eldri urðunarstaðar í Fíflholtum sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Engar athugasemdir eru gerðar um fráganginn og er hann í samræmi við lokunaráætlun rekstraraðila. Mælingar skulu fara fram skv. mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun frá 11. júní 2014. Niðurstöður mælinga og skráninga í samræmi við lokunarfyrirmæli skulu send Umhverfisstofnun árlega.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit með eldri urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Um er að ræða reinar 1-3 og sérstakt sláturúrgangssvæði sem nýtt voru til urðunar frá árinu 1999 til ársins 2012. Þessum svæðum hefur nú verið lokað og nýr urðunarstaður (rein 4) hefur verið opnaður við hlið þess eldri.

Eins og kemur fram hér ofar var urðað á eldri urðunarstaðnum frá árinu 1999 til ársins 2012. Þar var urðaður heimils og rekstrarúrgangur frá víðfemu þjónustusvæði sem nær allt frá Gilsfirði í norðri og til Hvalfjarðar í Suðri. Frá árinu 2011 var einnig tekið á mótí úrgangi frá sveitarfélögum á Vestfjörðum. Í heildina voru urðuð um 120.000 tonn af úrgangi í reinar 1-3 og um 4300 tonn af sláturúrgangi í sérstakt sláturúrgangssvæði.

Sýnatökur, mælingar og vöktun voru gerðar skv. starfsleyfi yfir allan rekstrartímann og hafa niðurstöður verið birtar í árlegu grænu bókhalda urðunarstaðarins. Þá var gerð rannsókn á gasmyndun á eldri urðunarstaðnum á árunum 2003 og 2011.

Í lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn kom fram að frágangur myndi fela í sér að jarðvegur á svæðinu yrði jafnaður út í lægðir á yfirborði, yfirborðið lagfært ef þörf væri á og tryggt að ofanvatn myndi renna sem best frá urðunarreinum. Þá verði þykkt yfirlags kannað og tryggt að það sé a.m.k. 1m. Yfirborðið yrði síðan fínhreinsað af smáúrgangi og svæðið grætt upp með grasi. Jafnframt verði leitað að menguðum jarðvegi á yfirborði og hann hreinsaður upp ef finnst.

Fyrirmæli um frágang og vöktun voru gefin út af Umhverfisstofnun þann 11. júní 2014. Skv. þeim skulu tekin reglulega sýni úr sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti við urðunarstaðinn til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá staðnum kann að berast. UMÍS ehf. Environice hefur annast sýnatökur og mælingar á urðunastaðnum.

Við eftirlit var gengið um rein 3 og litið á reinar 1-2 og sláturúrgangsgryfjur. Búið var að hreinsa yfirborð og setja yfirborðslag yfir. Búið er að sá grasi í reinina en spretta er ekki mikil enn sem komið er. Yfirborðið var jafnt og ekki mátti greina neinar áberandi lægðir þar sem vatn gæti safnast fyrir. Búið er að setja auka jarðvegslag yfir sláturúrgangsrainar. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila er jarðvegshulan um 1m yfir reinum og sláturúrgangssvæði. Eftirlitsaðili var ekki með tæki og tól til að sannreyna það en gerir ekki athugasemdir við fráganginn. Engin sjáanlegur úrgangur var á á yfirborði reinanna.

Mælingar á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti fara fram skv. mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun. Mælingar á sigvatni hafa sýnt minnkandi hreinsigetu hreinsivirkis fyrir eldri urðunarstaðinn og stendur til að gera endurbætur á því í sumar.

Fjárheld girðing er í kringum allan urðunarstaðinn, bæði þann gamla og þann nýja.

### ANNAÐ

Hreinsivirki eldri urðunarstaðarins verður endurnýjað á árinu 2016 þannig að í stað núverandi kerfis með settjörn og sandsíu, komi ein stór sandsíu með tilheyrandi olíu og fituskilju.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.07.2016

Sigríður Kristjánsdóttir